

## Úrskurður

### áfrýjunarnefndar samkeppnismála

í máli nr. 20/2002

Aseta ehf.

gegn

samkeppnisráði

#### I.

Með bréfi, dags. 11. desember 2002, hefur Aseta ehf. kært [ákvörðun samkeppnisráðs nr. 36/2002](#), dags. 15. nóvember 2002.

Í hinni kærðu ákvörðun taldi samkeppnisráð að áfrýjandi hefði með villandi upplýsingum um vöru keppinautar brotið gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Áfrýjandi krefst þess að ákvörðun samkeppnisráðs verði felld úr gildi.

Af hálfu samkeppnisráðs er þess krafist að ákvörðun ráðsins verði staðfest með vísan til forsendna hennar.

#### II.

Málavextir eru þeir að með bréfi, dags. 15. mars 2001, kvörtuðu Vélar og verkfæri ehf., sem er sölu- og dreifingaraðili fyrir hurðarhúna o.fl. frá fyrirtækinu Randi, yfir óréttmætum viðskiptaháttum áfrýjanda. Áfrýjandi er keppinautur Véla og verkfæra ehf. og selur m.a. hurðarhúna frá fyrirtækinu d line. Tilefni kvörtunarinnar var símbref sem áfrýjandi sendi verktaka vegna innihurða í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Í umræddu símbrefi segir: „*Til upplýsingar: Það staðfestist að allar d line vörur eru framleiddar úr ryðfríu stáli í hæsta gæðaflokki AISI 316. Skv. upplýsingum frá framleiðendum RANDI nota þeir aðeins ryðfrítt stál 304 sem er mun lægri gæðaflokkur.*“ Af hálfu Véla og verkfæra ehf. var því haldið fram að áfrýjandi

hefði sent símbréfið óumbeðið til verktakans og í því væri ranglega staðhæft að Randi noti eingöngu ryðfrítt stál 304 í vörur sínar. Varan sé einnig framleidd úr ryðfríu stáli AISI 316 og eigi viðskiptavinir Randi val þar á milli. Áfrýjandi hafi, gegn betri vitund, gefið rangar upplýsingar um framleiðslu Randi í þeim tilgangi að ná til sín viðskiptum með óréttmætum hætti. Taldi kvartandi þessa háttsemi brjóta gegn ákvæðum 20. gr. samkeppnislaga sem og a- og c-liðar 20. gr. a og 21. gr. sömu laga þar sem í reynd væru um að ræða auglýsingu.

Samkeppnisstofnun óskaði eftir sjónarmiðum áfrýjanda um kvörtunina. Í svari hans sem barst stofnuninni 7. maí 2001 kom fram að áfrýjandi hefði í hartnær 20 ár selt stálvörur, hurðabúnað o.fl., frá d line sem sé dönsk hágæðaframleiðsla. Vélar og verkfæri ehf. hafi fyrir 12–13 árum byrjað að selja ódýrari danska eftirlíkingu að nafni Randi. Í ljós hafi komið að viðskiptavinir hafi haldið að þeir væru að kaupa d line, en í gegn um tíðina hafi Vélar og verkfæri ehf. fullyrt við viðskiptavinum að gæði varanna væru sambærileg. Áfrýjandi kvaðst geta lagt fram erlendar prófanir sem sönnuðu að svo væri ekki. Hvað varði símbréfið sem kvartað var yfir þá hafi Randi, að því er áfrýjandi taldi sig best vita, aldrei selt hurðabúnað úr 316 stáli á Íslandi og samkvæmt upplýsingum frá Danmörku framleiði þeir ekki slíkar vörur enda þess hvergi getið í bæklingum eða auglýsingaefni framleiðandans.

Svar áfrýjanda var sent Véllum og verkfærum ehf. til umsagnar. Í svari fyrirtækisins til Samkeppnisstofnunar, dags. 15. maí 2001, er því haldið fram að svar áfrýjanda svari í engu upphaflegri kvörtun heldur komi þar fram athugasemdir við að aðrir selji svipaða vöru á markaðnum. Þá komi þar fram ástæða til kvörtunar yfir fleiri röngum fullyrðingum áfrýjanda um vörur frá Randi, en fullyrðing hans um að vara Randi sé ódýr eftirlíking brjóti í bága við ákvæði samkeppnislaga. Randi hafi hafið framleiðslu hurðarhúna úr ryðfríu stáli áður en d line hafi verið stofnað. Útlit og notagildi varanna sé sambærilegt og vörurnar í báðum tilvikum úr ryðfríu stáli. Mótmælt var sem röngum fullyrðingum áfrýjanda um að aldrei hafi verið seldar Randi stálvörur á Íslandi úr ryðfríu stáli AISI 316. Jafnframt var því mótmælt að Randi framleiddi ekki vörur úr slíku stáli. Allar stálvörur Randi séu framleiddar staðlaðar úr ryðfríu stáli 304. Randi bjóði þó allar stálvörur fyrirtækisins einnig úr ryðfríu stáli AISI 316. Yfirlýsing frá Randi sé fyrir hendi þar sem þetta sé staðfest. Að lokum var í svarbréfinu ítrekað að aðalatriði málsins sé að áfrýjandi hafi reynt að ná til sín viðskiptum með rangri fullyrðingu.

Samkeppnisstofnun gaf áfrýjanda kost á að koma að frekari skýringum eða athugasemdum í málinu. Í símtali þann 22. maí 2002 ítrekaði forsvarsmaður hans fyrri rök en kaus ekki að koma að frekari athugasemdum.

Við meðferð málsins hjá Samkeppnisstofnun var haft samband við viðtakanda símbréfsins og Vélum og verkfærum ehf. skrifað bréf þar sem efnisatriði símtalsins voru rakin. Taldi Samkeppnisstofnun að til greina kæmi að áfrýjandi hefði sent umrætt símbréf í framhaldi af viðræðum milli aðila um möguleg viðskipti og óskaði eftir athugasemdum fyrirtækisins þar að lútandi. Jafnframt var í bréfi stofnunarinnar óskað eftir afriti af yfirlýsingu Randi um að allar stálvörur sem fyrirtækið bjóði fáist einnig úr 316 stáli eins og fram hafi komið í bréfi Véla og verkfæra ehf., dags. 15. maí 2001. Með bréfi, dags. 1. október 2001, bárust athugasemdir Véla og verkfæra ehf. Þar kemur fram að upphaf þessa máls liggi í óumbeðnu símbréfi áfrýjanda til verktaka. Vélar og verkfæri ehf. gerði athugasemdir við að Samkeppnisstofnun vísaði til símtals viðtakanda símbréfsins. Fyrirtækið vísaði til þess að viðtakandi símbréfsins hafi framsent símbréf áfrýjanda til fyrirtækisins og áritað það með eftirfarandi hætti: „*Þetta fax sendi Aseta óumbeðið til okkar. Þetta finnst mér ekki rétta aðferðin til að selja vöru*“. Með svarbréfinu fylgdu jafnframt yfirlýsingar frá Randi. Í tölvupósti Per Busk, framleiðslustjóra Randi, sem sendur var 2. febrúar 2001 segir m.a.: „*I can confirm that Randi will be able to manufacture the Randi product using AISI 316 if required at an extra price.*“ Þá segir í bréfi Hans Krog Nielsen forstjóra Randi, dags. 24. september 2001: „*This is to confirm that the majority of Randi products are available in stainless steel quality 316...*“

Þann 12. desember 2001 og þann 1. október 2002 var aðilum tilkynnt um töf á málsmeðferð sökum mikils fjölda mála í meðferð hjá Samkeppnisstofnun. Jafnframt var málsaðilum tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið.

Málsmeðferð Samkeppnisstofnunar er að öðru leyti lýst í hinni kærðu ákvörðun og vísast til þess er þar segir.

Á fundi samkeppnisráðs 15. nóvember 2002 var tekin ákvörðun í máli þessu.

Ákvörðunarorðin hljóða svo:

„Aseta ehf., Ármúla 16, Reykjavík, hefur með villandi upplýsingum um vöru keppinautar brotið gegn ákvæðum 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.“

Mál þetta var flutt skriflega fyrir áfrýjunarnefndinni. Greinargerð samkeppnisráðs barst 7. janúar 2003, athugasemdir áfrýjanda 14. sama mánaðar og svör samkeppnisráðs 20. sama mánaðar. Þá var Vélum og verkfærum ehf. send kæran og greinargerð samkeppnisráðs til kynningar.

### III.

Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram að ákvörðun samkeppnisráðs byggi á misskilningi. Vísar hann til þess að yfirlýsing frá framleiðslustjóra Randi, dags. 2. febrúar 2001 þar sem segi: „*I can confirm that Randi will be able to manufacture the Randi product using AISI 316 if required at an extra price*” verði ekki skilin á annan hátt en að á þeim tíma sem hún hafi verið gefin hafi fyrirtækið ekki framleitt umrædda vöru með því að nota stál af gerðinni AISI 316 en kunni að geta gert það síðar. Yfirlýsing frá forstjóra Randi, dags. 24. september 2001 hafi enga þýðingu í málinu þar sem hún eigi ekki við yfirlýsingu í símbréfi áfrýjanda sem dagsett var 23. janúar 2001. Yfirlýsing áfrýjanda hafi því verið rétt á þeim tíma sem hún hafi verið gefin en síðari tíma yfirlýsingar frá fyrirtækinu Randi eigi engin áhrif að hafa.

Af hálfu samkeppnisráðs er á það bent að áfrýjandi hafi ekki lagt fram nokkur gögn til stuðnings fullyrðingu sinni um takmörkuð gæði varanna frá Randi þrátt fyrir að í margnefndu símbréfin hafi staðið að upplýsingar áfrýjanda væru komnar frá Randi. Þá hafi áfrýjandi ekki kosið að koma að athugasemdum við yfirlýsingarnar frá Randi meðan á málsmeðferð stóð.

### IV.

#### Niðurstöður.

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála fellst á öllu leyti á hina kærðu ákvörðun samkeppnisráðs með vísun til þeirra röksemda sem fylgdu þeirri ákvörðun. Er umrædd ákvörðun samkeppnisráðs því staðfest.

Úrskurðarorð.

Ákvörðun samkeppnisráðs nr. 36/2002 dagsett 15. nóvember 2002 er staðfest.

Reykjavík, 23. janúar 2003

Páll Sigurðsson, varaformaður

Anna Kristín Traustadóttir

Erla S. Árnadóttir